

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (VIII).

#### 1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar, sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004 frá 9. júlí 2004, skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu nr. 12/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nr. 11/2006 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

#### 2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 65, 23. desember 2004, bls. 19, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 11/2006.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2006.*

F. h. r.

**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*